

# ALMANNAVARNARNEFND EYJAFJARÐAR

Vegagerðin  
b.t. Hreinn Haraldsson, forstjóri  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Akureyri, 30. janúar 2018.

## Varðar: Fjarskipti og öryggi í göngum í umdæmi Almannavarna Eyjafjarða.

Þann 2. nóvember sl. á stjórnarfundum hjá Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar (Almey) var til umræðu fjarskipti og öryggismál í göngum í umdæmi nefndarinnar. Í Almey eiga sæti allir sveitarstjórnarnir á Eyjafjarðasvæðinu. Sveitastjórnir á Tröllaskaga hafa haft áhyggjur af öryggismálum í jarðgöngum á þeirra svæði og lengi barist fyrir betra öryggi í þeim göngum m.a. að fá í þau útvarpsenda.

Á fundinum mætti Gísli Eiríksson forstöðumaður hjá Vegagerðinni ásamt fulltrúum. Gísli fór yfir fjarskipti og öryggismál í jarðgöngum á svæðinu og landinu öllu. Einnig fór hann yfir regluverk varðandi jarðgöng. Gísli upplýsti fundinn um stöðu jarðgangna á svæðinu með tilliti til öryggis s.s. að útvarpsendar yrðu í nýju Vaðalaheiðargöngunum en ekki stæði til að setja upp útvarpsenda í önnur göng á svæðinu og vísaði hann til reglugerðar nr. 992/2017. Þá upplýsti Gísli að til stæði að flytja búnað úr gömlu Oddskarðsgöngunum til að stýra umferð flutningabíla í Strákagöngum. Einnig kom fram í máli Gísla að við hönnun og búnað jarðgangna væri stuðst við norskar reglur um „Vegtunneler“. Einnig kom fram að útvarpsendar yrðu í nýju Norðfjarðargöngunum. Erindi Gísla var mjög upplýsandi fyrir nefndina.

Nefndin lýsir ánægju sinni með að flytja eigi búnað til að stýra umferð flutningabíla í Strákagöngum sem yrði framfaraskref. Leggur nefndin áherslu á að það verði framkvæmt sem fyrst.

Varðandi fjarskipti og öryggi í Héðinsfjarðargöngum og Múlagöngum telur nefndin að mikilvægt sé að koma þar upp útvarpsendum þótt reglugerð nr. 992/2017 kveði ekki á um skyldu til þess. Ljóst er að það er mikið öryggisatriði fyrir þá aðila sem fara um þessi göng ef þar væru útvarpsendar. Héðinsfjarðargöngin eru löng og Múlagöngin eru þröng og oft erfið ef stífla er komin í göngin þess vegna er mikilvægt að geta náð til vegfaranda á ögurstundu. Á fundinum upplýsti Gísli að við myndum miða okkur við norskar reglur við hönnun og gerð jarðgangna og verður ekki annað sé að samkvæmt þeim (Vegtunneler, Håndbok N500-Sikkerhetstiltak) sér gerð krafa um að útvarpsendar séu settir bæði í ný og gömul göng sem eru lengri en 500 metrar. Múlagöng eru 3,4 km. einbreið og þröng þar skapast oft mikil vandræði þótt ekki sé um neina neyð að ræða og Héðinsfjarðargöngin eru 3,7 km. milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og 6,9 km milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Ef farið væri eftir norsku reglunum ætti að setja upp útvarpsenda í þessi göng sem hér um ræðir. Þá falla Norðfjarðargöngin heldur ekki undir skyldu reglugerðar til að setja upp útvarpsenda en mikil framför að skuli gert og mikilvægt fyrir vegfarendur þeirra gangna.

Almey vill með þessu bréfi skora á Vegagerðina að endurskoða ákvörðun sína þess efnis að ekki standi til að setja útvarpsenda í önnur göng í umdæminu. Teljum við mikilvægt að góð fjarskipti séu í jarðgöngum enda öryggi vegfarandi það sem skiptir máli á öllum tímum.

Virðingarfyllst;

---

Halla Bergþóra Björnsdóttir, formaður Almeyjar

Afrit sent:  
Gísli Eiríksson